

Celex-númer - CELEX númer gerðar er n.k. kennitala Evrópugerða. Númerið er uppbyggt á sama hátt fyrir allar gerðir óháð tegund eða formi þeirra (reglugerð, tilskipun, ákvörðun).

Númerið er samsett þannig að það byrjar ávallt á 3 svo kemur ártal útgáfu, stór bókstafur fyrir tegund (R, L, D eða H) og svo númer gerðarinnar sem er alltaf 4 tölur.

Dæmi: 3-ÁÁÁÁRXXXX

Fyrir reglugerð ESB nr. 2015/971 væri Celex númer: 32015R0971

Tegund:	Bókstafur
Reglugerð (regulation)	R
Tilskipun (directive)	L
Ákvörðun (decision)	D
Tilmæli (recommendation)	H

Gerðir - Helstu tegundir Evrópugerða eru reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir, tilmæli og álit. Á við um samþykktar og birtar gerðir sem kallast “adopted aquis”.

Reglugerðir – (**regulations**) eru löggjöf sem hefur bein áhrif í aðildarríkjunum frá og með gildistöku og ekki þarf að innleiða þær sérstaklega í landsrétt.

Tilskipanir – (**directives**) beinast að aðildarríkjunum og eru bindandi á þann hátt að markmiðið með setningu þeirra verður að nást, en ríkin ákveða sjálf með hvaða hætti.

Ákvarðanir – (**decisions**) gilda í einstökum málum og eru bindandi fyrir þá sem eiga hlut að máli.

Tilmæli – (**recommendations**) og **álit** (**opinions**) eru ekki bindandi heldur aðeins til viðmiðunar.

Staðalskjal – Þegar Evrópugerð, sem talin er eiga erindi í EES-samninginn, hefur verið samþykkt og skráð í skjalakerfi ESB (registry) eða birt í opinberum stjórnartíðindum ESB (Official Journal, OJ) útbýr EFTA skrifstofan í Brussel svokallað staðalskjal (standard sheet - SS) sem stjórnvöldum í EES/EFTA ríkjum ber að taka afstöðu til og svara innan ákveðins tímafrests. Staðalskjalið er á stöðluðu formi þar sem fram koma upplýsingar um viðkomandi gerð, svo sem heiti, fagsvið sem hún fellur undir (viðkomandi sérfræðingahópur EFTA), birting í OJ og celex-númer. Sá aðili innan stjórnkerfisins sem fær skjalið til afgreiðslu (hjá MAST: sérfræðingur fagsviðs) þarf að meta efni þeirrar gerðar sem um ræðir hverju sinni og svara því hvort hún eigi erindi í EES-samninginn (sé “EEA-relevant”/EES-tæk) og ef svo er hvort þörf sé á því að óska eftir aðlögunartexta eða undanþágu. Það fer eftir eðli og umfangi slíkrar undanþágubeiðni hvort slíkt kallar á samningaviðræður við framkvæmdastjórn ESB eður ei. Ef upptaka gerðar í íslenska löggjöf er talin kalla á lagabreytingu þarf að tiltaka það á staðalskjalinu (constitutional requirements). Á staðalskjalinu er einnig að finna mat EFTA skrifstofunnar á því hvort að mögulega séu vandkvæði á innleiðingu hvernar gerðar (secretariat’s assessment of possible EEA horizontal challenges) en það er ætlað til aðstoðar sérfræðingum við þetta mat á innleiðingu.

Flýtimeðferðarskjal (Fast-track sheet, FTS) er skjal sem tekið var upp af hálfu EFTA 2014 í þeim tilgangi að flýta upptöku gerða í EES samning. Valdir voru tilteknir málaflokkar sem falla undir þessa málsmeðferð og felst flýtimeðferðin í því að slíku skjali þurfa sérfræðingar ríkjanna (ÍS og NO) ekki að skila til EFTA skrifstofu heldur fer gerðin í samning (í gegnum sameiginlegu nefndina) eftir tiltekinn tíma. Hægt er að stöðva flýtimeðferð allt þangað til drög að ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar eru samþykkt ef einhver ástæða þykir til að gerðin fari hefðbundna leið í samninginn. FTS er sent til sérfræðinga MAST á sama hátt og áður og verkferli þeirra er svipað, þ.e. þeir þurfa að kynna sér efni gerðarinnar og skila umsögn til ANR á sama hátt og áður.

Umsögn: Ef gerð er talin EES-tæk þarf að fylla út umsögn í EES gagnrunninum og er ætlað til upplýsinga til íslenskra stjórnvalda. Í umsögn skal skrá heiti gerðar, stuttan útdrátt þ.e. um hvað gerðin fjallar, hvort hún hafi áhrif á Ísland (kostnaður, íþyngjandi fyrir hagsmunaaðila o.fl.), tilgreina hvaða reglugerð þarf að breyta ef við á og tiltaka lagastoð.